

**Menntaskólinn í Kópavogi**

**02 308**

**Ársreikningur 2022**

## Efnisyfirlit

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Menntaskólinn í Kópavogi**  
**kt. 631173-0399**  
**Digranesvegi 51, 200 Kópavogur**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntaskólinn í Kópavogi er ríkisaðili sem er menntaskóli í víðasta skilningi, skóli bóklegra og verklegra mennta. Hlutverk skólans er kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum og kennsla á starfsnámsbrautum, einkum í matvælagreinum og kennsla ferðamálagreina í kvöldskóla, allt með áfanga- og fjölbrautasniði.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.671,5 milljónir og afkoma kr. -40,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 58,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 394,2 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Menntaskólans í Kópavogi í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans í Kópavogi fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Guðríður Hrund Helgadóttir  
Skólameistari

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.524.007.879	1.511.845.608
Aðrar tekjur .....	3	11.872.895	11.513.502
Seld þjónusta .....	4	32.189.698	22.596.821
Vörusala .....	5	66.186.202	57.842.198
Framlög og ýmsar tekjur .....	6	12.458.396	10.528.240
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára .....	2	24.806.250	21.360.853
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.671.521.320</b>	<b>1.635.687.222</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	7	1.203.545.993	1.120.248.303
Annar rekstrarkostnaður .....	8	480.244.601	441.944.505
Afskriftir .....	9	24.806.250	21.360.853
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.708.596.844</b>	<b>1.583.553.661</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(37.075.524)</b>	<b>52.133.561</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....	10	55.081	67.968
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	11	(3.768.552)	(537.081)
		(3.713.471)	(469.113)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(40.788.995)</b>	<b>51.664.448</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	12		
Áhöld, tæki og búnaður .....		191.287.947	195.396.670
Aðrar eignir .....		10.133.190	10.138.579
		<u>201.421.137</u>	<u>205.535.249</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>201.421.137</u>	<u>205.535.249</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	13	3.426.145	2.301.631
Tengdir aðilar .....	14	79.673.880	112.212.089
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	15	1.426.040	18.292.544
Handbært fé .....	16	108.259.184	50.704.769
		<u>192.785.249</u>	<u>183.511.033</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>192.785.249</u>	<u>183.511.033</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>394.206.386</u>	<u>389.046.282</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	17		
Hrein eign .....		58.106.880	98.895.875
		<u>58.106.880</u>	<u>98.895.875</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>58.106.880</u>	<u>98.895.875</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	14	349.672	(131.545)
Viðskiptaskuldir .....	18	20.659.041	22.884.388
Ýmsar skammtímaskuldir .....	19	96.228.186	70.133.207
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	20	218.862.607	197.264.357
		<u>336.099.506</u>	<u>290.150.407</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>336.099.506</u>	<u>290.150.407</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>394.206.386</u>	<u>389.046.282</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	21		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(40.788.995)	51.664.448
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	9	24.806.250	21.360.853
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(24.806.250)	(21.360.853)
		<u>(40.788.995)</u>	<u>51.664.448</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		15.741.990	(17.041.581)
Tengdir aðilar .....		58.731.788	(17.098.137)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<u>23.869.632</u>	<u>2.286.298</u>
		98.343.410	(31.853.420)
		<u>57.554.415</u>	<u>19.811.028</u>
		<u>57.554.415</u>	<u>19.811.028</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	12	(20.692.138)	(80.411.098)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		1.804.500	1.727.000
		<u>(18.887.638)</u>	<u>(78.684.098)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		0	36.184.098
Fjárfestingarframlag .....		18.887.638	42.500.000
		<u>18.887.638</u>	<u>78.684.098</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		57.554.415	19.811.028
		<u>50.704.769</u>	<u>30.893.741</u>
		<u>108.259.184</u>	<u>50.704.769</u>
		<u>108.259.184</u>	<u>50.704.769</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af innritunargjöldum og prófgjöldum.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-20 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.524.007.879	1.511.845.608
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	24.806.250	21.360.853
	1.548.814.129	1.533.206.461

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.426.200.000	0	0	1.426.200.000
Launabætur .....	11.400.000	0	0	11.400.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	86.407.879	0	0	86.407.879
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.524.007.879</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.524.007.879</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(1.564.796.874)	0	0	(1.564.796.874)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(40.788.995)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(40.788.995)</b>

	2022	2021
<b>3 Aðrar tekjur</b>		
Sala á vöru og þjónustu .....	11.872.895	11.513.502
	11.872.895	11.513.502

### 4 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta .....	1.654.081	2.394.806
Verksala .....	163.416	157.168
Ýmsar þjónustutekjur .....	156.288	2.356
Veitinga- og gistiþjónusta .....	22.913.178	15.006.696
Fræðslustarfsemi og fundir .....	7.302.735	5.035.795
	32.189.698	22.596.821

### 5 Vörusala

Kennsluefni, ýmis .....	66.186.202	57.842.198
	66.186.202	57.842.198

### 6 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	738.905	513.472
Afnotagjöld .....	433.000	167.500
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	2.670.000	4.540.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	4.833.062	1.917.790
Ýmsar tekjur .....	3.783.429	3.389.478
	12.458.396	10.528.240

## Skýringar

	2022	2021
<b>7 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	972.357.331	907.483.730
Orlof, breyting .....	2.578.695	1.896.996
Launatengd gjöld .....	224.374.156	206.871.724
Starfsmannakostnaður .....	4.235.811	3.995.853
	<b>1.203.545.993</b>	<b>1.120.248.303</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	94,7	96,4
	<b>2022</b>	<b>2021</b>
<b>8 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.786.557	2.147.939
Byggingarvörur, almennar .....	211.631	81.658
Byggingarvörur, aðrar .....	6.936	67.104
Tæki og búnaður til innréttinga .....	100.998	0
Ýmis tæki og áhöld .....	4.832.988	3.088.969
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	398.432	518.634
Orkugjafir .....	20.467.490	20.384.733
Matvæli .....	23.781.383	15.009.632
Almennar rekstrarvörur .....	14.080.323	10.935.808
Vörukaup, almenn	65.666.738	52.234.477
Rannsóknarstofufeni .....	229.007	139.302
Kennslu- og föndurvörur .....	27.993.745	26.590.151
Ýmsar sérgreindar vörur .....	270.678	505.361
Vörukaup, sérgreind	28.493.430	27.234.814
Fundir, námskeið, risna .....	1.409.569	1.270.726
Ferðir, uppihald .....	3.783.064	1.800.164
Akstur .....	4.342.917	3.422.538
Sérfræðiþjónusta .....	43.383.591	29.477.957
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	499.147	595.528
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	1.376.415	1.448.285
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	1.833.636	1.339.874
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	56.628.339	39.355.072
Afnotagjöld .....	9.323.390	8.076.622
Leigugjöld .....	293.793.161	286.523.015
Notkun véla og flutningatækja .....	1.281.940	486.952
Verkkaup .....	23.899.655	25.415.658
Kostnaðarhlutdeild .....	608.698	1.207.414
Opinber gjöld .....	139.250	165.791
Tilfærslur .....	410.000	29.190
Tapaðar kröfur .....	0	1.215.500
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	329.456.094	323.120.142
Annar rekstrarkostnaður samtals	480.244.601	441.944.505

## Skýringar

### 9 Afskriftir

Áhöld, tæki og búnaður .....	24.800.861	21.355.464
Aðrar eignir .....	5.389	5.389
	<u>24.806.250</u>	<u>21.360.853</u>

**2022** **2021**

### 10 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður

Ýmsar fjármunatekjur .....	55.081	67.968
	<u>55.081</u>	<u>67.968</u>

### 11 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap

Fjármagnskostnaður .....	195.829	509.831
Dráttarvextir .....	3.572.723	19.737
Gengistap, verðbreytingar .....	0	7.513
	<u>3.768.552</u>	<u>537.081</u>

**31.12.2022** **31.12.2021**

### 12 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	191.287.947	195.396.670
Aðrar eignir .....	10.133.190	10.138.579
	<u>201.421.137</u>	<u>205.535.249</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022 .....	349.937.990	10.149.806	360.087.796
Viðbætur á árinu .....	20.692.138	0	20.692.138
Selt/úreitt á árinu .....	(1.053.287)	0	(1.053.287)
	<u>369.576.841</u>	<u>10.149.806</u>	<u>379.726.647</u>
Afskriftir 01.01.2022 .....	154.541.320	11.227	154.552.547
Afskrift ársins .....	24.800.861	5.389	24.806.250
Selt/úreitt á árinu .....	(1.053.287)		(1.053.287)
	<u>178.288.894</u>	<u>16.616</u>	<u>178.305.510</u>
Staða 31.12.2022 .....	<u>191.287.947</u>	<u>10.133.190</u>	<u>201.421.137</u>

### 13 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur .....	3.426.145	2.301.631
	<u>3.426.145</u>	<u>2.301.631</u>

## Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

### 14 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	78.698.552	112.212.089
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	975.328	0
	<u>79.673.880</u>	<u>112.212.089</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	349.672	(131.545)
	<u>349.672</u>	<u>(131.545)</u>

### 15 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Bráðabirgðalán .....	640.500	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	785.540	18.292.544
	<u>1.426.040</u>	<u>18.292.544</u>

### 16 Handbært fé

Sjóðir .....	33.560	32.200
Tékkareikningar .....	104.990.338	39.182.889
Sparisjóðsreikningar .....	17.359	3.491.199
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum .....	3.217.927	7.998.481
	<u>108.259.184</u>	<u>50.704.769</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 17,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

### 17 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2022 31.12.2021

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	98.895.875	47.231.427
Afkoma ársins .....	(40.788.995)	51.664.448
Jöfnuður 31.12. ....	<u>58.106.880</u>	<u>98.895.875</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2022 31.12.2021

### 18 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir .....	20.659.041	22.884.388
	<u>20.659.041</u>	<u>22.884.388</u>

## Skýringar

### 19 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	90.811.720	60.228.639
Önnur ógreidd gjöld .....	5.416.466	9.904.568
	<u>96.228.186</u>	<u>70.133.207</u>

### 20 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	201.421.137	205.535.249
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .....	17.441.470	(8.270.892)
	<u>218.862.607</u>	<u>197.264.357</u>

	<b>Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga</b>	<b>Fjárfestinga- fjárveiting</b>	<b>Samtals frestaðar tekjur</b>
Staða 01.01.2022 .....	205.535.249	(8.270.892)	197.264.357
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	44.600.000	44.600.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	1.804.500	1.804.500
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	20.692.138	(20.692.138)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(24.806.250)	0	(24.806.250)
	<u>201.421.137</u>	<u>17.441.470</u>	<u>218.862.607</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 23,3 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

### 21 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði, þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa og aðra samninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 333,0 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 18,8 milljónum og annarra samninga kr. 21,5 milljónum.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.